

Landsáætlun í skógrækt

Hið íslenska náttúrufræðifélag (HÍN) þakkar fyrir tækifæri til að senda inn athugasemdir stjórnar við **Drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031**. Athygli skal vakin á því að í samráðsgáttinni ber landsáætlunin fyrrgreint heiti en fyrirsögn sjálfrar skýrslunnar er Landsáætlun í skógrækt 2021-2025 og í henni kemur ártalið 2031 hvergi fyrir. Það virðist því ekki liggja ljóst fyrir hvort áætlunin er til 5 eða til 10 ára.

HÍN tók þátt í samráðsferli sem var hluti af undirbúningi landsáætlunarinnar. Formaður verkefnisstjórnar landsáætlunarinnar tók viðtal við fulltrúa félagsins og í kjölfarið sendi HÍN inn ítarlegar og rökstuddar athugasemdir. Það eru nokkur vonbrigði að lítið tillit hefur verið tekið til þeirra.

Hið íslenska náttúrufræðifélag telur drögin, eins og þau eru lögð fram af meirihluta nefndarinnar bjóða heim mikilli hættu fyrir lífríki Íslands og tekur undir varnaðarorð minnihluta nefndarinnar, þeirra Salvarar Jónsdóttur og Tómasar Grétars Gunnarssonar.

Hér á eftir er fyrst fjallað um nokkrar almennar athugasemdir félagsins við þau drög að stefnu sem meirihluti nefndarinnar leggur fram en síðan vikið að því sem HÍN telur mikilvægast: þá ógn sem lífríki landsins stafar af stefnunni, verði henni hrint í framkvæmd í þá veru sem drög meirihlutans gera ráð fyrir.

Það er tímabært að móta farsæla stefnu fyrir skógrækt á Íslandi. Í raun og veru má segja að skógrækt hafi hingað til verið nánast stefnu- og aðhaldslaus. Ákvörðun um að leggja land undir nytjaskógrækt er tekin af landeiganda, skógræktaráform hafa sjaldan eða jafnvel aldrei sætt lögformlegu mati á umhverfisáhrifum og engar hömlur hafa verið lagðar á tegundaval út frá vistfræðilegum forsendum. Afleiðingin er m.a. að skógrækt dreifist handahófskennt um allt land í misstórum plantekrum. Umfangsmesta verkefnið sl. áratugi hefur verið bændaskógrækt/skógrækt á lögbýlum og þar hefur aðallega verið plantað barrtrjám, og mest af stafafuru, sem hefur verið lýst sem ágengustu trjátegund jarðar og er komin á svartan lista í mörgum löndum (sjá hér að neðan). Þessum barrtrjám er að langmestu leyti plantað í gróð land.

Umsögn HÍN eru í fimm liðum:

- 1) Vanda þarf betur til vals á landi til skógræktar,
- 2) Landsáætlun í skógrækt verður að samþætta miklu betur við aðrar landnýtingaráætlanir,
- 3) Gera þarf skýrari greinarmun á vernd og endurheimt náttúrulegra skóga (birkiskóga) og nytjaskógrækt í plantekrum
- 4) Sannreyna þarf með rannsóknum hvort fullyrðingar Skógræktarinnar um kolefnisbindingu barrskóga á Íslandi standist og mjög brýnt er að bera saman heildar kolefnisbindingu (ofan- og neðanjarðar) í samanburðarvistkerfum, m.a. þeim sem helst eru tekin undir barrviðarplantekrum.

- 5) Síðast en ekki síst verður Skógræktin að vera mun meira opin fyrir því að taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands og niðurstöðum vísindarannsókna og taka tegundaval í nytjaskógrækt til endurskoðunar. **Útbreiðsla ágengra plöntutegunda sem notaðar eru í skógrækt er að okkar mati alvarleg ógn við líffræðilega fjölbreytni í íslenskum þurrlendisvistkerfum.**

Val á landi til skógræktar.

Ekki ætti að planta skógi í vel gróið land og ekki ætti að leyfa skógrækt á landi sem þarf að ræsa fram eða á framræstu votlendi sem hægt er að endurheimta. Þá teljum við mikilvægt að meta hvort ekki sé réttara að fara í færri en stærri nytjaskógaplantekrur heldur en að dreifa þeim eins og nú er gert. Af einhverjum ástæðum er ekki hakað við tvö atriði frá HIN í samráðstöflunni á bls. 63 í drögunum: að ekki skuli rækta skóg á lítt snortnum eða fágætum vistgerðum og svæðum á náttúruminjaskrá og að taka eigi tillit til landslags og leggja áherslu á að verja náttúruperlur og mikilvæg búsvæði fugla o.fl. tegunda. Í skriflegum svörum HIN í samráðsferlinu er lögð áhersla á mikilvægi þess að leggja mat á gildi vistgerða áður en tekin er ákvörðun um skógrækt og á mikilvægi opinna svæða fyrir fuglalíf og einkum sérstakar ábyrgðartegundir Íslands.

Sambætting við aðrar skipulagsáætlanir og landnýtingu. Í ljósi þeirra stórtæku áætlana um aukningu í skógrækt sem settar hafa verið fram, er nauðsynlegt að sambætta landsáætlunina mun betur við aðrar skipulagsáætlanir en ráð er fyrir gert. Frá fyrstu stigum þarf að taka tillit til fjölbættra annarra hagsmuna þeirra sem nýta landið. Nytjaland er takmörkuð auðlind og skógrækt er stunduð á landi sem nýta má til annarrar verðmætasköpunar, t.d. sem beitiland, til túnræktar og stundum til annarrar ræktunar. Í öðru lagi verður að horfa til þeirra stórfelldu breytinga sem verða á landslagi og lífríki með skógrækt og sem a.m.k. í sumum tilfellum verður að líta á sem óafturkræfar. Í ljósi þessara miklu umbreytinga sem af skógrækt leiðir, ættu skógræktaráætlanir einnig að sæta mati skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum (Lög nr. 106/2000 með síðari breytingum). Það þyrfti að framkvæma eins konar „Rammaáætlun“ fyrir skógrækt eða öllu heldur fella skógræktaráætlanir inn í heildaráætlanir fyrir landnotkun fyrir stór svæði, landshluta og landið í heild. Að mati félagsins ættu allar skógræktaráætlanir að sæta mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Viðmiðið sem nú er í lögnum, 200 ha, er allt of stórt og eftir því sem okkur er best kunnugt hefur nytjaskógrækt aldrei farið í gegnum slíkt mat. Líklegt er að margir geri áætlun um skógrækt á svæði sem er undir 200 ha að flatarmáli til að losna við umhverfismat. Það er óásættanlegt ef fyrirhuguð skógræktarsvæði eru kerfisbundið bútuð niður í áfanga rétt undir viðmiði laganna til að komast hjá lögformlegu mati líkt og samtöl við hlutaðeigandi aðila hafa bent til. Einnig má velta því upp hvort ekki eigi að horfa til samlegðaráhrifa og meta fleiri skógræktarverkefna saman þegar skilgreina má þau innan sömu landslagsheildar eða sama vatnasviðs.

Gera þarf skýrari greinarmun á endurheimt náttúrulegra skóga (birkiskóga) og nytjaskógrækt í plantekrum. HÍN telur að ekki sé gerður nægilegur greinarmunur á umfjöllun um náttúrulega birkiskóga, sem eru okkar einu innlendu skógar, og ræktun barrtrjáa í plantekrum sem er eitt form þaulræktunar í landbúnaði. Að mati stjórnar HÍN ætti vernd og endurheimt birkiskóga að vera meginmarkmið Skógræktarinnar og því ætti að gera hærra undir höfði en gert er í drögunum. Birkiskógar eru lykilvistkerfi í íslenskri náttúru. Þrátt fyrir mikla eyðingu skóga frá

landnámi hefur erfðaefni birkisins varðveist í skógarleifum, sem mikilvægt er að vernda. Það liggur mikil auðlind í þeirri líffræðilegu fjölbreytni sem hefur varðveist í skógarleifunum á öllum skipulagsstigum lífsins, þ.e. erfðafræðileg fjölbreytni tegundarinnar, í tegundafjölbreytni ofan- og neðanjarðar í birkisvistkerfum, í breytileika gróðursamfélaga og sá breytileiki sem er að finna á landslagskvarða.

Skógrækt og kolefnisbinding. Í drögum að Landsáætlun í skógrækt er þáttur skógræktar í kolefnisbindingu til að bregðast við loftslagsbreytingum í forgangi. Megináhersla er lögð á ræktun framandi trjátegunda frekar en birkis sem er eina innlenda tegundin sem myndar skóga. Forsendur sem notaðar eru við samanburð mismunandi tegunda og kolefnisbindingu þeirra virðast fyrst og fremst byggja á viðarvexti. Það er nauðsynlegt að binding bæði ofan- og neðanjarðar sé metin, þ.e. að kolefnisbinding í jarðvegi sé tekin með. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að jarðvegur er varanlegur kolefnisgeymir. Rannsaka þarf hvort og þá hvernig mismunandi tegundir hafa áhrif á uppsöfnun kolefnis í jarðvegi. Þá er óljóst hvort tekið sé með í samanburðinn sú kolefnislosun sem væntanlega á sér stað þegar gróðri er raskað við gróðursetningu trjáa. Erlendar rannsóknir benda til að rask í tengslum við umhirðu skóga geti valdið losun kolefnis og því er þörf á innlendum rannsóknum sem greina ferli kolefnis í jarðvegi í tengslum við skógrækt. Frekari rannsóknir á kolefnisbúskap birkiskóga, m.a. þar sem tekið er tillit til aukinnar útbreiðslu þeirra með sjálfáðu birki, eru einnig nauðsynlegar til að unnt sé að gera raunverulegan samanburð á þeim mismunandi sviðsmyndum sem settar eru fram í Landsáætlun um skógrækt. **Sannreyna þarf með rannsóknum hvort fullyrðingar Skógræktarinnar um kolefnisbindingu barrskóga á Íslandi standast og mjög brýnt er að bera saman heildar kolefnisbindingu (ofan- og neðanjarðar) í samanburðarvistkerfum, m.a. þeim sem helst eru tekin undir barrviðarplantekur.**

Afleiðingar stefnunnar fyrir líffræðilega fjölbreytni og íslensk vistkerfi. Í starfi og stefnu hinnar opinberu stofnunar sem fer með skógræktarmál hér á landi, Skógræktarinnar, hefur að okkar mati birst kæruleysi í notkun á innfluttum tegundum. Undanfarna áratugi hafa verið fluttar inn og notaðar í stórum stíl tegundir sem orðið hafa ágengar í mörgum öðrum löndum. Líklegt er að þær muni einnig breiðast út á Íslandi þótt stofnar þeirra séu enn sem komið er ekki það stórir að tegundin hafi náð inn á lista sem ágeng eða mögulega ágeng tegund. Eins og áður sagði þá er **útbreiðsla ágengra plöntutegunda sem notaðar eru í skógrækt alvarleg ógn við líffræðilega fjölbreytni** að okkar mati. Þessari stefnu er því miður haldið til streitu í drögum að skógræktaráætlun 2021-2025 og stjórn HÍN tekur undir minnihlutaálit Salvarar Jónsdóttur og Tómasar Grétars Gunnarssonar þar sem uppi eru sams konar áhyggjur. Í meirihlutaálitinu er því haldið fram (neðst á bls. 25) að þær tegundir sem nú séu notaðar í skógrækt hér á landi séu ekki ágengar og vísað í skilgreiningu í lögum um náttúruvernd nr 60/2013. Þar segir að framandi lífvera sem veldur eða sé líkleg til að valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni sé ágeng. Ekki getum við séð að Skógræktin hafi sýnt fram á að stafafuran sé ekki ágeng. Að mati HÍN er þvert á móti mjög líklegt að stafafura muni valda rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni en þar sem flestar stafafuruplantekur eru enn ungar, eru langtímaáhrif á innlend vistkerfi ekki komin fram enn.

Stjórn HÍN tekur mjög mikilvægt að koma þeim skýru skilaboðum til yfirvalda skógræktar í landinu að **ÞAÐ VERÐUR AÐ VIÐHAFA MIKLU MEIRI VARÚÐ VIÐ VAL OG DREIFINGU Á**

INNFLUTTUM TRJÁTEGUNDUM. META VERÐUR HVORT LÍKUR SÉU Á AÐ TEGUND VERÐI ÁGENG. Slíkt mat verður að uppfæra reglulega í takt við nýjar rannsóknir og bætta þekkingu. Við matið ætti einkum að hafa til hliðsjónar hvort viðkomandi tegund hafi orðið ágeng í öðrum löndum, hvort náskyldar tegundir hafi orðið ágengar í öðrum löndum og hvort stofnvistfræðilegir þættir gefi tilefni til að ætla að tegund geti orðið ágeng. Það verður að teljast ámælisvert hvernig opinber fagstofnun íslenska ríkisins leyfir sér hvað eftir annað að sniðganga alþjóðlega samninga, hunsa vísindalega þekkingu og ríkjandi viðhorf innan hins alþjóðlega vísindasamfélags í stefnumótun sinni og aðgerðum. Hún hefur líka vanrækt að leggja mat á þær afleiðingar sem útbreiðsla ágengra tegunda getur haft, og einkum mjög neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni og óafturkræfar breytingar á landslagi. Stjórn HÍN telur að gera eigi áhættugreiningu áður en tekin er ákvörðun um að dreifa innfluttum trjám um landið og bjóða þau fram sem efnivið í skógræktarverkefni. Við val á tegundum verður einnig að hafa staðsetningu skógræktarsvæða í huga og gæta mikillar varúðar í nágrenni þjóðgarða og friðlýstra svæða og þar og annars staðar þar sem hættu er á að innfluttar tegundir getið breiðst inn á náttúruleg vistkerfi. Sem dæmi má nefna að fyrir mörgum árum var plantað í trjálund í miðju Eldhrauni og nú er stafafura ásamt lerki að dreifa sér út í mosann. Þetta er mjög óábyrgt og sá misskilningur er í gangi meðal sumra skógræktarmanna að þetta auki líffræðilega fjölbreytni á svæðinu með þeim rökum að fleiri æðplöntutegundir vaxi á viðkomandi stað.

Nýlega kom út grein 35 höfunda sem ýmist starfa við háskóla, rannsóknastofnanir eða aðrar opinberar stofnanir þar sem lögð eru til hnattræn viðmið fyrir notkun innfluttra trjátegunda til að koma í veg fyrir að slíkar tegundir breiðist út og verði ágengar í nýjum heimkynnum (*Global guidelines for the sustainable use of non-native trees to prevent tree invasions and mitigate their negative impacts*). Viðmiðin eru byggð á samþykktum Evrópuráðsins og umgengnisreglum Bernar samningsins fyrir ágengar trjátegundir (*Council of Europe – Bern Convention Code of Conduct on Invasive Alien Trees*). Afrakstur vinnunnar er m.a. átta leiðbeiningar (*recommendations*). Þar á meðal er að ekki skuli nota ágengar innfluttar trjátegundir, að gæta skuli varúðar og hlíta alþjóðlegum og innlendum reglum varðandi innflutt tré, að hafa beri í huga þá áhættu sem tekin er með innflutningi, hafa virkt eftirlit með stofnum innfluttra trjáa og geta brugðist hratt við og eiga virkt samtal við hagaðila um áhættu þá sem felst í ágengum innfluttum trjám og um áhrif þeirra (Brundu o.fl. 2020).

Í drögum meirihlutans er því haldið fram að engar ágengar tegundir séu notaðar í skógrækt á Íslandi og það verði heldur ekki gert í framtíðinni. Síðastliðinn áratug hefur stafafura verið sú tegund sem mest hefur verið plantað skv. ársyfirlitum Skógræktarinnar. Margir íslenskir vistfræðingar, telja að stafafura sé mjög viðsjárverð tegund. Henni hefur verið lýst sem einni ágengustu trjátegund jarðar (Bravo-Monasterio, Pauchard & Fajardo 2016) og hún er nú flokkuð sem ágeng í allmörgum löndum (Davis o.fl. 2019, Langdon o.fl. 2019). Samkvæmt lista Richardsos og Rejmaneks (2004) telst hún ágeng í Ástralíu, Chile, Bretlandi, Írlandi, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð. Í þessu samhengi má nefna að á vegum sænskra stjórnvalda var nýlega birt víðtækt vísindalegt mat á líkum á því að lífverutegundir verði ágengar og ógni líffræðilegri fjölbreytni í Svíþjóð (Strand o.fl. 2018). Þar er stafafura sett í hæsta áhættuflokk (SE=Severe Impact) með hæstu einkunn fyrir möguleika á að verða ágeng og næst hæstu einkunn fyrir vistfræðileg áhrif. Í hæsta áhættuflokk fóru þó aðeins um 9% af þeim plöntutegundum sem

teknar voru til mats (alls 585). Á lista danska umhverfisráðuneytisins (Miljö- og födevareministeriet) frá 2019 er stafafuran skráð sem ágeng tegund. Á Nýja Sjálandi er nú bannað að rækta, dreifa eða selja stafafuru (Nunez o.fl. 2017). Stafafuran er augljóslega tegund sem fyllsta ástæða er til varast.

Í löndum þar sem stafafura er innflutt, hafa samanburðarrannsóknir sýnt að hún leiðir til rýrnunar á tegundaauðgi plöntusamfélaga, borið saman við nálæg innlend vistkerfi án stafafuru. Áhrifin voru mest þar sem stafafura var eina hávaxna tréð (Davis o.fl. 2019, Taylor o.fl. 2016). Niðurstaða Bravo-Monasterio, Pauchard & Fajardo (2016) er að innrás stafafuru í gresjur Patagóníu geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni og fyrir starfsemi vistkerfa

Til að spá fyrir um líklega hegðun stafafuru á Íslandi, liggur líklega beinast við að skoða áhrif hennar á Patagóníu sléttunni í Suður Ameríku. Þar eru trjálausar sléttur vaxnar þúfumyndandi grösom, þófaplöntum, en á milli eru víða ógrónir blettir. Þessi vistkerfi virðist stafafuran auðveldlega leggja undir sig land (Langdon o.fl. 2019). Lofthiti er ekki ósvipaður því sem gerist á Íslandi, þarna er vindasamt en heldur þurrara en víðast hvar á Íslandi. Í ljósi reynslu frá Patagóníu verður að teljast harla líklegt að stafafura geti orðið ágeng hér á landi. Við þetta bætist svo reynsla frá nálægari löndum: Danmörku, Svíþjóð og Írlandi, allt lönd þar sem stafafura er talin ágeng.



Vitað að er að stafafura getur dreift sér. Til hliðar er t.d. mynd af nýliðun stafafuru í Heiðmörk, tekin í síðasta mánuði, maí 2021.

Stjórn Hins íslenska Náttúrufræðifélags